

## REGLUGERÐ FRAMKVÆMDASTJÓRNARINNAR (ESB) nr. 291/2011

2013/EES/9/29

frá 24. mars 2011

um óhjákvæmilega notkun á takmörkunarskyldum efnum í Sambandinu, öðrum en vetnisklórflúorkolefnum fyrir rannsóknarstofur og til efnagreininga, samkvæmt reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 1005/2009 um efni sem valda rýrnun ósonlagsins (\*)

FRAMKVÆMDASTJÓRN EVRÓPUSAMBANDSINS  
HEFUR,

með hliðsjón af sáttmálanum um starfshætti Evrópusambandsins,

með hliðsjón af reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 1005/2009 frá 16. september 2009 um efni sem valda rýrnun ósonlagsins (1), einkum 2. mgr. 10. gr.,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

- 1) Sambandið hefur þegar horfið í áföngum frá framleiðslu og neyslu á takmörkunarskyldum efnum til flestra tegunda notkunar. Framkvæmdastjórninni ber að ákveða hvaða notkun á takmörkunarskyldum efnum, öðrum en vetnisklórflúorkolefnum, á rannsóknarstofum og við greiningar sé óhjákvæmileg.
- 2) Í ákvörðun aðilanna að Montreal-bókuninni nr. XXI/6 er steypt saman í einn texta fyrirbyggjandi ákvörðunum og almenna undanþágan fyrir notkun á rannsóknarstofum og við greiningar er framlengd fram yfir 31. desember 2010 og til 31. desember 2014 fyrir öll takmörkunarskyld efni, nema vetnisklórflúorkolefni, og þannig er leyfð sú framleiðsla og neysla, sem er nauðsynleg til að fullnægja óhjákvæmilegri notkun á takmörkunarskyldum efnum á rannsóknarstofum og við greiningar, að uppfylltum skilyrðunum sem sett voru með Montreal-bókuninni.
- 3) Í ákvörðun aðilanna að Montreal-bókuninni nr. VI/25 er tilgreint að notkun geti einungis talist óhjákvæmileg ef ekki eru fyrir hendi neinir tæknilega mögulegir og efnahagslega hagkvæmir staðgöngukostir eða -efni sem eru viðunandi út frá umhverfis- og heilbrigðissjónarmiði. Í framvinduskýrslu sinni frá 2010 auðkennir umræðuhópurinn um mat á tæknilegum og efnahagslegum þáttum (umræðuhópurinn) umtalsverðan fjölda aðgerða þar sem nú er hægt að nota staðgönguefni í stað takmörkunarskyldra efna. Á grunni þeirra upplýsinga

og ákvörðunar XXI/6 skal taka saman skrá yfir þá notkun sem til eru tæknilega og efnahagslega hagkvæmir staðgöngukostir fyrir sem eru viðunandi út frá umhverfis- og heilbrigðissjónarmiði.

- 4) Einnig skal taka saman jákvæða skrá yfir leyfða, óhjákvæmilega notkun á metýlbrómíði, eins og aðilarnir að Montreal-bókuninni samþykktu með ákvörðun XVIII/15, sem og yfir þá notkun sem umræðuhópurinn greindi sem notkun sem ekki eru til staðgöngukostir fyrir.
- 5) Til viðbótar skal koma skýrt fram að notkun á takmörkunarskyldum efnum í tengslum við menntun á barna- og framhaldsskólastigi getur ekki talist vera óhjákvæmileg og skal hún takmörkuð við æðri menntun eða starfsmenntun. Enn fremur skal notkun á takmörkunarskyldum efnum í efnafræðisettum til tilrauna sem eru í boði fyrir almenning ekki teljast vera óhjákvæmileg.
- 6) Ráðstafanirnar, sem kveðið er á um í þessari reglugerð, eru í samræmi við álit nefndarinnar sem komið var á fót skv. 1. mgr. 25. gr. reglugerðar (EB) nr. 1005/2009.

SAMÞYKKT ÞESSA REGLUGERÐ:

1. gr.

Leyfa má framleiðslu, innflutning og notkun á takmörkunarskyldum efnum, öðrum en vetnisklórflúorkolefnum, til þeirrar óhjákvæmilegu notkunar á rannsóknarstofum og við greiningar sem tilgreind er í viðaukanum við þessa reglugerð.

2. gr.

Reglugerð þessi öðlast gildi á tuttugasta degi eftir að hún birtist í Stjórnartíðindum Evrópusambandsins.

(\*) Þessi EB-gerð birtist í Stjtið. ESB L 79, 25.3.2011, bls. 4. Hennar var getið í ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 202/2012 frá 26. október 2012 um breytingu á XX. viðauka (Umhverfismál) við EES-samninginn, sjá EES-viðbætur við Stjórnartíðindi Evrópusambandsins nr. 6, 24.1.2013, bls. 22.

(1) Stjtið. ESB L 286, 31.10.2009, bls. 1.

Reglugerð þessi er bindandi í heild sinni og gildir í öllum aðildarríkjunum án frekari lögfestingar.

Gjört í Brussel 24. mars 2011.

*Fyrir hönd framkvæmdastjórnarinnar,*

*forseti.*

José Manuel BARROSO

---

## VIÐAUKI

**Óhjákvæmileg notkun takmörkunarskyldra efna, annarra en vetnisklórflúorkolefna, á rannsóknarstofum og við greiningar**

1. Litið er svo á að eftirfarandi notkun á takmörkunarskyldum efnum, öðrum en vetnisklórflúorkolefnum, sé óhjákvæmileg notkun á rannsóknarstofum og við greiningar:
  - a) notkun á takmörkunarskyldum efnum sem viðmiðunum eða stöðlum:
    - til að kvarða búnað sem takmörkunarskyld efni eru notuð í,
    - til að vakta losun á takmörkunarskyldum efnum,
    - til að ákvarða gildi leifa takmörkunarskyldra efna í vörum, plöntum og verslunarvörum,
  - b) notkun á takmörkunarskyldum efnum í eiturefnafræðilegum rannsóknum á rannsóknarstofum,
  - c) notkun á rannsóknarstofum þar sem takmörkunarskylda efninu er umbreytt með efnahvarfi, eins og þegar takmörkunarskyld efni eru notuð sem hráefni,
  - d) notkun á metýlbrómíði á rannsóknarstofu til að bera saman skilvirgni metýlbrómíðs og staðgönguefna þess,
  - e) notkun á koltetraklóríði sem leysi í brómunarhvörfum með N-brómsúksínimíði,
  - f) notkun á koltetraklóríði sem keðjufærsluefni í stakeindafjölliðunarhvörfum,
  - g) öll önnur notkun á rannsóknarstofum og við greiningar sem ekki eru til tæknilega mögulegir og efnahagslega hagkvæmir staðgöngukostir fyrir.
2. Litið er svo á að eftirfarandi notkun á takmörkunarskyldum efnum, öðrum en vetnisklórflúorkolefnum, sé ekki óhjákvæmileg notkun á rannsóknarstofum og við greiningar:
  - a) í kæli- og loftfræstibúnaði sem notaður er á rannsóknarstofum, þ.m.t. í kældum búnaði fyrir rannsóknarstofur, s.s. hraðskilvindur,
  - b) hreinsun, endurgerð, viðgerð eða endursmiði íhluta í rafeindabúnaði eða -samstæðum,
  - c) varðveisla á útgefnu efni og skjalasöfnum,
  - d) dauðhreinsun efniviðar á rannsóknarstofu,
  - e) öll notkun í tengslum við menntun á barna- og framhaldsskólastigi,
  - f) sem efnisþættir í efnafræðisettum til tilrauna sem eru í boði fyrir almenning sem ekki eru ætluð til notkunar í tengslum við æðri menntun,
  - g) til hreinsunar eða þurrkunar, þ.m.t. til að fjarlægja fitu af gleri og öðrum búnaði,
  - h) til að greina vetniskolefni, olíur og feiti í vatni, jarðvegi, lofti eða úrgangi,
  - i) til prófunar á tjöru í vegavinnuefnum,
  - j) til greiningar á fingraförum í tengslum við rannsókn sakamála,
  - k) prófun á lífrænu efni í kolum,
  - l) sem leysir við greiningu á sýanókóbalamíni (B12-vítamíni) og brómstuðli,
  - m) í aðferðum þar sem valvís leysni takmörkunarskylda efnisins er notuð, þ.m.t. greiningu á kaskarósíðum, skjaldkirtilsútdrætti og myndun píkrata,
  - n) til að forstyrkja greiniefni fyrir aðferðir þar sem litskilja er notuð (t.d. háþrýstivökvaskiljun (HPLC), gasgreiningu (GC), ásofgreiningu), atómgleypnimælingu (AAS), spantengda rafgasgreiningu (ICP), flúrljómunargreiningu með röntgengeislum,
  - o) til að greina jodstuðul í fitu og olíu,
  - p) öll önnur notkun á rannsóknarstofum og við greiningar sem til eru tæknilega mögulegir og efnahagslega hagkvæmir staðgöngukostir fyrir.